

**251. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 30. janúar 2014 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Kristjana Hermannsdóttir  
Kristín Björg Árnadóttir  
Kristján Þórðarson  
Kristinn Jónasson, bærjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bærjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 12. lið bréf frá bærjarritara varðandi afskriftir á árinu 2013. Var það samþykkt og svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá skólastjóra GSNB og deildarstjóra Lýsuhólsskóla, ódags., varðandi leikskóladeild á Lýsuhóli.**  
Bæjarráð samþykkti að vinna áfram í málinu, enda þarf að vanda til verka og margt að skoða.
- 2) **Bréf frá Réttur – Aðalsteinsson & Partners, dags. 20. janúar 2014, varðandi ítrekun á bréfi dags. 7. janúar 2014, varðandi mál Almennu umhverfisþjónustunnar ehf.**  
Bærjarstjóri fór yfir málið. Bærjarlögmanni og bærjarstjóra var falið að svara erindinu. Jafnframt var bærjarstjóra falið að vinna tillögur að reglum um efnistöku á steypuefni á Harðakambi og leggja tillögurnar fyrir bærjarstjórn.
- 3) **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 15. janúar 2014, varðandi skil á viðaukum við fjárhagsáætlun sveitarfélaga til innanríkisráðuneytisins.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Samfylkingunni, dags. 27. janúar 2014, varðandi ályktun Landssambands 60+ um útivistun á rekstri hjúkrunarheimila til einkaaðila.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 27. janúar 2014, varðandi tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, dags. 20. janúar 2014, varðandi ósk um styrk til NKG á árinu 2014.**  
Bæjarráð samþykkti að styðja verkefnið um kr. 35.000.-.
- 7) **Bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 20. janúar 2014, varðandi boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026.**  
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá SAMAN-hópnum, dags. 24. janúar 2014, varðandi beiðni um fjárstuðning á árinu 2014.**  
Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við beiðninni að svo stöddu.
- 9) **Bréf frá RARIK, dags. 9. janúar 2014, varðandi úrbætur vegna kvörtunar.**  
Bæjarráð þakkar skjót og góð svör. Þess ber að geta að kvörtun Snæfellsbæjar var send RARIK þann 11. febrúar 2009 og var úrbótum lokið í febrúar 2010. Upplýsingar um úrbætur bárust okkur síðan hratt og vel, eða aðeins 4 árum síðar, þann 9. janúar 2014.
- 10) **Drög að sameiginlegu svari sveitarfélaganna á Snæfellsnesi vegna verndaráætlunar Breiðafjarðar.**  
Bæjarráð samþykkti framlögð drög samhljóða.

11) Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga, dags. 10. janúar 2014, varðandi ósk um að mega afskrifa ógreitt útsvar.  
**TRÚNAÐARMÁL.**

Fært í trúnaðarmálabók.

12) Bréf frá bæjarritara með ósk um að mega afskrifa viðskiptakröfur skv. framlögðum lista.  
**TRÚNAÐARMÁL.**

Fært í trúnaðarmálabók.

13) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

- a) Bæjarstjóri gerði grein fyrir málefnum vatnsveitunnar í Ólafsvík.
- b) Bæjarstjóri ræddi málefni vatnsverksmiðjunnar í Rífi.
- c) Bæjarstjóri ræddi stöðu mála við framkvæmdir við sundlaugina í Ólafsvík. Bæjarráð samþykkti að fundur bæjarstjórnar í næstu viku myndi byrja í sundlauginni kl. 16:00 og færa sig svo í fundarsalinn í Ráðhúsinu.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15**

---

Kristjana Hermannsdóttir

---

Kristín Björg Árnadóttir

---

Kristján Þórðarson

---

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

---

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari